

Nd.

123. Nefndarálit.

Frá minni hluta Dýrtíðarnefndarinnar.

Við höfum ekki getað orðið öðrum nefndarmönnum samferða um sum mikilvæg atriði í frv. til laga um heimildir fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum (þgskj. 88) og höfum því borið fram breytingartilögur á þingskj. 113.

Í stuttu máli sjáum við enga ástæðu til að breyta í nokkru verulegu frá

lögum þeim, sem Alþingi setti í fyrra um sama efni og prentuð eru sem fylgiskjal á þingskjali 88.

Í álit meiri hlutans er talað um, að flestar afurðir landsins hafi hækkað mjög í verði á erlendum markaði og af því hafi leitt aukinn útflutning á ýmsum afurðum frá því sem venjulegt sje.

Þó að verð á ýmsum innlendum afurðum hafi hækkað allmikið vegna ófriðarins, þá getum við alls ekki fallist á, að nauðsyn beri til að veita stjórninni heimild til þess að banna útflutning á innlendri matvöru þess vegna, og alls eigi nema flutningur á matvörum frá útlöndum heftist svo, að til vandræða horfi fyrir landsmenn.

Í annan stað er ekki unt að staðhæfa, að meira hafi verið flutt úr landinu af matvælum en venja er til, eða að það muni verða svo mjög, að vandræði hljótist af á komanda hausti, því að engar skýrslur eða áætlanir hafa legið fyrir nefndinni í því efni.

Við teljum enga hættu á því, að matarskortur verði í landinu, jafnvel þótt kjöt yrði nú flutt út með mesta móti, því að vissa er fyrir því, að fje verður lógað með langmesta móti í haust, sakir heyskorts sem stafar af grasbrestum land alt, einkum á Norðurlandi. Slátur úr öllu því fje verður kyrt í landinu og eru það mikil matföng og ódýr eftir því, sem um er að gera.

Kjöt mun og fáanlegt sama verði, sem bændur fá fyrir það annarstaðar, og þótt verðið sje að vísu óvenju hátt, þá er á það hvorttveggja að líta, að allur þorri manna mun sem mest sneiða sig hjá að kaupa þær tegundir matar, sem dýrastar eru, og í annan stað, að flestir verða að setta sig við áþekka verðhækkun margra nauðsynja á þessum tímum. Verkkaup manna hefir stórum hækkað, svo að framleiðslan verður miklu dýrari og erfiðari en verið hefir. Auk þess eru bændur víða mjög aðþrengdir sakir harðindanna í fyrra og nú bætist ofan á fádæma kalt og óhagfelt sumar um mikinn hluta landsins. Í sumum bygðarlögum hefir orðið stórtjón af fjárpest síðastliðið vor. Af öllu þessu ætti það að vera ljóst, að landbændur eru ekki svo vel á vegi staddir, að fært sje að gera nokkuð það, er hnekt geti sem bestum markaði á vöru þeirra, og sem greiðustum viðskiftum við útlönd, að unt er.

Útlend matvara (kornvara) er miklu ódýrari til manneldis en kjöt er nú, og því sjálfsagt, að gert sje sem greiðast fyrir mönnum að koma út dýru vörunni fyrir þá vöru, sem ódýrari verður.

Að öðru leyti er óvíst um verð á kjöti framvegis, því að ef svo fer, að Bretar gera upptækt kjöt það, sem hjeðan ætti að senda til Norðurlanda, þá er auðsætt, að verðið fellur mjög bráðlega og yfirfljótanlegt verður af kjöti í landinu.

Um útflutning á fiski er mjög lítið hægt að staðhæfa, en sá útflutningur mun líkur og vant er. Siglingar botnvörpunga með fisk sinn til Bretlands eru mjög torveldar og hættulegar, fyrst af hættu sprengidufla og kafbáta og því næst jafnvel fyrir þær girt með banni bresku stjórnarinnar. Eru því líkur meiri til þess en áður, að lítið verði um útflutning á nýjum fiski í is og af því leiðir aftur, að kaupstaðirnir sunnanlands hafa að öllum líkindum meiri birgðir af fiski botnvörpunga næsta vetur, en verið hefir að undanfögnu. Að minsta kosti eru engar sannanir eða jafnvel líkur fyrir því gagnstæða. Verð á blautum fiski er ekki

miklum mun hærra nú hjer í Reykjavík en að undanförunu, þrátt fyrir aukinn kostnað við alla útgerð.

Við teljum líklegt, að ekki verði flutt þeim mun meira út af ull en að undanförunu, að til neinna vandræða horfi. Megnið af ullinni hefir hingað til flust til útlanda og er því engin ástæða til að banna eða skerða útflutning þessarar vöru.

Hross hafa að vísu verið flutt út í meira lagi, en að því er enginn skaði skeður og fulltrúa erum við þess, að landið sje enn eigi svo hrossafátt, að eigi megi vel við hjargast. Enn þá síður er hætta á, að hrossastofninum sje nokkur hætta búin, með því að hvert folald er nú dregið á vetur. Teljum við heldur ekki hrossaeigendur þá óvita, að þeir fargi svo sjer til skaða, að löggjöfin þurfi að grípa þar fram í, þótt verðið sje nú óvenju-hátt.

Okkur virðist því alls engin ástæða til, að gefa almenna heimild til að banna útflutning á hrossum og ull, eins og nú standa sakir, nje heldur innlendra matvæla.

Alt öðru máli væri að gegna, ef aðflutningur á matvörum teptist, svo að til vandræða horfði, og teljum við þá rjett, að stjórnin hafi heimild til, að banna útflutning á matvælum, og þá einnig á lifandi sauðfje og jafnvel hrossum, en heimild í þessu skyni var full-nóg í lögum síðasta þings og hana viljum við standa láta, en frekara ekki.

Við vitum nú að vísu, að það, sem komið hefir meiri hlutanum út á þessa hálu útflutnings-banns-braut, er uggur um, að svo mikið verði selt úr landi í haust af innlendum matvælum, að kaupstaðirnir sumir, einkum Reykjavík, geti ekki fengið nægar birgðir af þeim vörum, en eins og við höfum sagt hjer á undan, þá teljum við óþarfa, að grípa til slíkra örþrifaráða. Virðist okkur, að bæjarstjórnir geti brugðið við sem fyrst og lagt drög fyrir, að fá fisk og síld hjá fisk-kaupmönnum og framleiðendum, og kjöt og slátur og mör hjá sláturfjelögum og teljum þá líklegt, að með þeim hætti mætti fá vöruna betra verði, heldur en ef einstakir menn eru fyrir um alla útvegi, hver handa sjer. Í sambandi við þetta má einnig benda á heimild til eignarnáms á nauðsynjavörum, gegn fullu endurgjaldi, í 3. gr. frumvarpsins.

Að öllu þessu athuguðu leyfum við okkur að flytja breytingartillögurnar á þingskj. 113 og leggjum eindregið til, að háttvirt deild samþykki þær.

Loks viljum við benda á það, að jafnvel þótt við teljum ekki rjett að heimila útflutningsbann á matvælum, þá viljum við þó banna útflutning á rjúpum og öðrum fuglum, sem farið er fram á að ófriða í frv. til laga á þingskjali 87 og munum bera fram breytingartillögu þess efnis við það frumvarp. Rjúpa og fleiri fuglar eru ófriðaðir í frv. þessu einungis í því skyni að gera mönnum hægra fyrir að afla sjer matvæla til neyslu, en alls ekki til þess að veita þeim tækifæri til þess að græða fje á sölu fuglanna til útlanda, og er því engum órjettur ger með slíku bannákvæði.

Alþingi 26. júlí 1915.

Benedikt Sveinsson.

Þorleifur Jónsson,
framsögumaður.